



R1 Manager

Útgáfa 1

Efnisyfirlit

Hliðarlisti	2
Stjórnborð vindu	3
Aðalrofi	5
Gervibotn	5
Stika	5
File	5
Download update	5
Exit	6
Options	6
Change language	6
Change to	6
Vandamál	7

Hliðarlisti

Á vinstri hlið sést listi yfir þær vindur sem forritið sér. Vindur eru sýndar með raðnúmeri sýnu sem er einstakt fyrir allar vindur.

Ef ekki er vitað hvaða vinda er með hvaða raðnúmer er hægt að sjá það á límmiða undir vindunni við hlið inntak kapalsins, og einnig á skjá vindunnar þegar hún ræsir sig. Þegar vitað er hvað vinda er hvað er hægt að endurskýra þær þegar tenging hefur náðst.

Til að tengjast við vindu skal ýta á hana í listanum.

Jigging machine list:
23008

ATH: Vinda þarf að vera tengd við sama net og tölvan sem keyrir R1 Manager forritið. Ef R1 Manager sér ekki vinduna er gott að ganga úr skugga um að hún sé tengd við sama net. Ef hún er tengd við sama net og hún sést samt ekki skal endurræsa netviðmóti vindunnar með því að halda niðri stjörnu á WiFi síðu vindunnar.

Stjórnborð vindu

R1Manager	X									
Slippurinn Slippurinn R1 Manager										
File Options										
Jigging machine list:										
	Main menu									
23008	👓 🖻 <u>ĩ</u> 0 m									
	Volt 24,7 RPM 0 Amp 0									
	9 $+$ 40 $+$ 12 $+$ 2,5 m $+$ 1,5 m $+$									
	Disconnect 23008									

Þegar náðst hefur samband við vindu mun hún birtast á skjánum eins og sýnt er hér að ofan.

Hægt er að breyta skjásíðum með því að velja þær úr efstu röðinni og allar stillingar eru á sama stað og þær eru í vindunni sjálfri.

Í neðra vinstra horni er "Disconnect" (ísl. "Aftengjast") takki sem mun rjúfa tengingu milli vindunnar og R1 Manager.

Hægt er að endurskýra vindum með því að smella á nafnið hennar í glugganum (við hlið "Disconnect").



Þá opnast þessi gluggi.

1 1 3 33			
Rename Jigging Machine	_		
Jigging machine name:			
Vinda 1			
	ОК	Cancel	

Aðalrofi



Þegar ýtt er á aðalrofa í R1 Manager mun vindan haga sér eins og ýtt hafi verið á aðalrofa á vindunni sjálfri.

Gervibotn



Takkinn með stóra "P" er notaður til að stilla gervibotn á því dýpi sem vindan er á núna. Til að slökkva á gervibotn þarf að ýta á þennan takka á meðan vindan er að slaka út línunni.

Stika

Efst í glugganum sést blá stika með merkjum Slippsins og DNG og nafnið "R1 Manager". Þar fyrir neðan eru valmyndirnar "File" (ísl. "Skrá") og "Options" (ísl. "Val")



File

Download update

Þegar "Dowload update" (ísl. "Sækja uppfærslu") er valið, opnast gluggi sem biður notanda að velja skrá úr tölvunni sinni. Notandi getu þar valið uppfærsluskrá fyrir vindu og sent hana þannig þráðlaust á þær vindur sem eru opnar í forritinu. Uppfærsluskráin mun heita nafni sem byrjar á "C7-" og endar á ".bin". Þegar uppfærsluskrá hefur verið valin skal ýta á "Open" (ísl. "Opna") og þá byrjar forritið að vinna í því að senda uppfærsluna og þessi gluggi ætti að opnast.



Hafið í huga að það sést ekki í R1 Manager hver staðan á uppfærslunni sé, en það sést á skjá vindunnar sem verið er að uppfæra.

Þegar búið er að senda uppfærslu mun þessi gluggi birtast

Success		_		×
OTA Update succe The jigging machin	ssful on jiggiı e will now re	ng macl start	hine 23	800
	Finish			

Ef eitthvað fer úrskeiðis við uppfærslu mun villu gluggi birtast sem getur innihaldið mismunandi upplýsingar. Ef svo gerist þarf að endurræsa vindunni og reyna uppfærslu aftur.

Exit

Slekkur á forritinu

Options

Change language

Þegar ýtt er á "Change language" (ísl. "Breyta tungumáli") breytist tungumál úr ensku yfir í íslensku eða úr íslensku í ensku.

Change to-

Neðstu þrír valmöguleikarnir undir "Options" er til að breyta því hvaða einingar R1 Manager notar; metra, fet eða faðma.

Vandamál

Flest vandamál orsakast af lélegu sambandi milli tölvu og vinda. Færið netbeini nær vindu eða beinið loftneti netbeinis að vindum og gangið úr skugga um að ekki sé mikið af málmi á milli loftnets og vindu. Gott er að setja netbeini í glugga sem snýr að vindum ef mögulegt.

Ef uppfærsla gengur illa og hún mistekst oft skal slökkva á öllum vindum nema þeirri sem verið er að reyna að uppfæra og reyna aftur.